

SAMÞYKKTIR

um lágmarksréttindi og fleira,
byggðar á samkomulagi ASÍ og VSÍ frá 12. desember 1995
og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda
og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum

Samþykktar á ársfundi sjóðsins 3. maí 2018



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTMANNAEYJA


**LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTMANNAEYJA**

	1
1. Nafn sjóðsins og heimili	3
2. Hlutverk sjóðsins	3
3. Sjóðfélagar	3
4. Stjórn.	4
5. Ársfundur	6
6. Reikningar og endurskoðun	7
7. Tryggingafræðileg athugun.	7
8. Ávöxtun fjár sjóðsins	8
9. Iðgjöld og önnur framlög	11
10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.	14
11. Ellilífeyrir	16
12. Endurhæfingar- og örorkulífeyrir.	17
13. Makalífeyrir.	20
14. Barnalífeyrir	21
15. Iðgjaldagreiðslur falla niður	22
16. Endurgreiðsla iðgjalda.	23
17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.	23
18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna og verðtrygging viðmiðunarfjárhæða	23
19. Tilgreind séreignardeild.	24
20. Séreignadeild	25
21. Bann við framsali og veðsetningu	27
22. Ágreiningsmál, málsmeðferð og gerðardómur.	27
23. Eftirlit	27
24. Breytingar á samþykktunum.	27
24. Gildistaka	28
Viðauki A Réttindatöflur	29
Viðauki B -Breytt réttindi	30
Viðauki C -Reiknigrunnur	31

SAMÞYKKTIR

Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Vestmannaeyja.
Heimili hans og varnarþing er í Vestmannaeyjum.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktra þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.3. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi. Lífeyrissjóðnum er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum, um innheimtu iðgjalda fyrir þá, samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.
- 2.4. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir, samtryggingardeild, tilgreinda séreignardeild og séreignardeild. Ákvæði 19. greinar samþykktra þessara gilda um tilgreinda séreignardeild. Ákvæði 20. greinar samþykktra þessara gilda um lífeyrissparnað og tryggingavernd sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar í samtryggingardeild skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og byggja starfskjör sín á kjarasamningum eftirtalinna stéttarfélaga sem ákvarða lágmarkskjör í viðkomandi starfsgreinum á því svæði sem samningarnir taka til eða njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum þessara félaga:

Deild VR í Vestmannaeyjum,
Drífandi stéttarfélag,
FIT, Félag iðn- og tæknigreina, vegna félagsmanna í Vestmannaeyjum,
Sjómannafélagið Jötunn,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi,
Verkstjórafélag Vestmannaeyja,
VM, Félag vélstjóra og málm tæknimanna, vegna félagsmanna í Vestmannaeyjum,

- 3.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, alcuris, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns. Rétt og skylt er launamanni á